

Fimmtudaginn 1. apríl 1982.

Nr. 80/1982. **Ákærvaldið**
 gegn
Einari Sigurbjarti Jónssyni.

Kærumál. Húsleit. Handtaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. mars 1982, sem barst Hæstarétti 30. s. m., í því skyni, að því er ætla verður, að úrskurðurinn verði úrgildi felldur.

Af hálfu ákærvalds hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um að hafa gerst brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. mars 1982.

Ár 1982, föstudaginn 26. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að heimiluð verði leit í skrifstofuhúsnæði, sem Einar Sigurbjartur Jónsson, Kirkjuvegi 28, Keflavík, hefur að Njálsgötu 86 og Vesturgötu 33, Reykjavík, í því skyni að leggja hald á sakargögn, er þar kunna að finnast, og jafnframt að heimiluð verði handtaka Einars, ef hann dvelst á ofangreindum stöðum.

Rannsóknarlögreglu ríkisins hafa borist kærur vegna fjögurra bifreiðaviðskipta. Jón Magnússon, Stóra-Ási, Borgarfirði, sem keypti tvær þessara bifreiða, hefur borið, að hann hafi keypt bifreiðar þessar fyrir víxla, sem Einar S. Jónsson hafi látið hann

hafa í þessu skyni. Kvað Jón Einar hafa látið óreiðumenn skrifa upp á víxla fyrir sig, sem hann síðan notaði í bifreiðaviðskiptum. Flestir víxlanna eru nú gjaldfallnir og ógreiddir.

Leikur grunur á því, að Einar hafi með stórfelldum og skipulögðum blekkingum haft fé af fólki á þennan hátt.

Jón Magnússon kvaðst hafa keypt fleiri bifreiðar fyrir Einar, og kvað hann skjöl varðandi þau kaup vera í vörslum Einars á heimili hans og á starfsstöð hans á Njálsgötu 86 eða á Vesturgötu 33.

Með vísan til framanritaðs og þar sem rökstuddur grunur er fram kominn um, að Einar S. Jónsson hafi með athæfi sínu gerst brotlegur við 155. gr. og 248. gr. alm. hegningarlaga, þykir með skírskotun til 43. gr., 1. og 2. mgr. 48. gr., og 49. gr., sbr. 51. gr. laga 74/1974 rétt að heimila rannsóknarlögreglu ríkisins að framkvæma húsleit að Njálsgötu 86, kjallara, og Vesturgötu 33 í því skyni að leggja hald á sakargögn, er ætla má að tengist ætluðum brotum Einars S. Jónssonar, og handtaka hann, ef hann dvelst á ofangreindum stöðum.

Leitarheimildin nær til læstra hirslna.

Úrskurðarorð:

Rannsóknarlögreglu ríkisins er heimilt að framkvæma húsleit að Njálsgötu 86, kjallara, og Vesturgötu 33, Reykjavík, í því skyni að leggja hald á sakargögn, sem þar kunna að finnast og ætla má, að tengist ætluðum brotum Einars Sigurbjarts Jónssonar, og handtaka hann, ef hann dvelst á ofangreindum stöðum.

Leitarheimildin nær til læstra hirslna.